

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2016, miðvikudaginn 24. ágúst kl. 9.05, var haldinn 159. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð Kerhólum. Viðstödd voru: Hjálmar Sveinsson, Páll Hjaltason, Gísli Garðarsson, Sverrir Bollason, Halldór Halldórsson og Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Nikulás Úlfar Músson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Þorsteinn Hermannsson, Magnús Ingi Erlingsson og Marta Grettisdóttir. Fundarritari er Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

(E) Umhverfis- og samgöngumál

1. **Sorpa bs., fundargerð**

Mál nr. US130002

Lögð fram fundargerð Sorpu bs. nr. 365 frá 19. ágúst 2016.

Kl. 9:16 tekur Sigurborg Ó. Haraldsdóttir sæti á fundinum.

2. **Almenningssalerni í Reykjavík, skýrsla starfshóps**

Mál nr. US160066

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og eigna dags. 18. ágúst 2016 ásamt skýrslu starfshóps, dags. 1. júlí 2016, um almenningssalerni í Reykjavík stefnu og tillögur.

Samþykkt.

Umhverfis- og skipulagsráð bókar eftirfarandi. „Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir tillögur starfshóps um þjónustumarkmið um almenningssalerni í Reykjavík en áréttar þó mikilvægi þess að hvert verkefni sem þar er lagt til verði skoðað sérstaklega og í samvinnu við ráðið, sér í lagi með tilliti til útlits, nákvæmrar staðsetningar og kostnaðar. Þá leggur umhverfis- og skipulagsráð áherslu á að þess sé gætt að sú aðstaða sem fyrir er sé fullnýtt áður en tekin er ákvörðun um frekari uppbyggingu á einstökum svæðum.”

Vísað til borgarráðs.

Kl. 9:30 tekur Herdís Anna Þorvaldsdóttir sæti á fundinum.

(A) Skipulagsmál

3. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð**

Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 19. ágúst 2016.

4. **Háskóli Íslands, Vísindagarðar, breyting á deiliskipulagi**

(01.63)

Mál nr. SN160136

420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Ask arkitekta ehf., dags. 23. febrúar 2016 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vísindagarða. Breytingin felur í sér breytingu á byggingarmagni og nýtingarhlutfalli, samkvæmt uppdr. Ask arkitekta ehf., dags. 6. maí 2016. Einnig er lögð fram greinargerð og skilmálar, dags. 12. maí 2016. Jafnframt eru lögð fram minnisblöð verkfræðistofunnar Eflu um umferðarhávaða, dags. 28. apríl 2016, um rafbílahleðslu, dags. 5. maí 2016

og um yfirferð og rýni á umferð vegna breytinga á deiliskipulagi, dags. 13. maí 2016. Tillagan var auglýst frá 14. júní til og með 11. ágúst 2016. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Veitur ásamt minnisblaði, dags. 22. júlí 2016, Jón Jóhannes Jónsson, dags. 26. júlí 2016 og Þóra Ellen Þórhallsdóttir, dags. 27. júlí 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. ágúst 2016.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. ágúst 2016.

Vísað til borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Laugavegur 77 og Hverfisgata 94-96, (01.174.0) Mál nr. SN160607
breyting á deiliskipulagi

550115-0180 SA Byggingar ehf., Fellsmúla 26, 108 Reykjavík
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Brautarholti 6, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Teiknistofu Arkitektar ehf., mótt. 11. ágúst 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.0, Landsbankareits, vegna lóðanna nr. 77 við Laugaveg og 94-96 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst að sett er kvöð um aðkomu Orkuveitu Reykjavíkur í kjallara hússins. Einnig er tekinn út texti úr skilmálum um að koma þurfi fyrir nýrri spennistöð Orkuveitu Reykjavíkur á lóðinni, samkvæmt uppdr. Teiknistofu Arkitekta ehf., dags. 16. ágúst 2016. Einnig lögð fram yfirlýsing meðlóðarhafa dags. 19. ágúst 2016.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Óðinsgata 8B, breyting á deiliskipulagi (01.180.3) Mál nr. SN160629

190672-5739 Dagur B Eggertsson, Óðinsgata 8b, 101 Reykjavík
060346-2249 Páll V Bjarnason, Laufásvegur 7, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Páls V Bjarnasonar ark. f.h. Dags B. Eggertssonar, mótt. 18. ágúst 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.180.3 vegna lóðar nr. 8B við Óðinsgötu. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall er aukið til að samræmis við reikningsaðferð í staðli ÍST50. Nýtingarhlutfall (N:) lóðarinnar Óðinsgata 8B er því hækkað úr 1,6 í 2,1., samkvæmt uppdrætti Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf., dags. 17. ágúst 2016.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Vesturhöfnin, Grandagarður 20 og (01.0) Mál nr. SN160572
Norðurgarður 1, breyting á
deiliskipulagi

420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
541185-0389 HB Grandi hf., Norðurgarði 1, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Ask arkitekta ehf., dags. 25. júlí 2016 um breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar vegna lóðanna nr. 20 við Grandagarð og 1 við Norðurgarð. Í breytingunni felst breyting á lóðarmörkum Grandagarðs 20 og

Norðurgarðs 1 og stækkun byggingarreits að Norðurgarði 1, samkvæmt uppdrætti Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf., dags. 11. júlí 2016. Einnig lagt fram bréf HB Granda, dags. 13. júlí 2016.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. **Laugavegur 73 og Hverfisgata 92,** (01.174.0) Mál nr. SN160560
breyting á deiliskipulagi
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Brautarholti 6, 105 Reykjavík
531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Rauðsvíkur ehf., mótt. 30. júní 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi vegna lóðanna nr. 73 við Laugaveg og 92-96 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst m.a. að lóð Laugavegar 73 er stækkuð, byggingarmagn aukið og íbúðum fjölgað, lóð Hverfisgötu 92 er minnkuð og bílakjallari stækkaður að lóðarmörkum samkv. uppdrætti T.ark dags. 10. ágúst 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. ágúst 2016.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

9. **Tryggvagata 14, breyting á** (01.132.1) Mál nr. SN160179
deiliskipulagi
621014-0560 Tryggvagata ehf., Hlíðasmára 12, 201 Kópavogur
610711-1030 Gláma/Kím ehf., Laugavegi 164, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Sigurðar Halldórssonar f.h. Tryggvagötu ehf., mótt. 3. mars 2016, varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulagi reits 1.132.1, Naustareits, vegna lóðarinnar nr. 14 við Tryggvagötu. Í breytingunni felst að gerð er krafa um eitt bílastæði á hverja 120 m² fyrir hótélstarfssemi verði ekki unnt að koma fyrir á lóðinni þeim fjölda bílastæða sem kröfur eru gerðar um skal heimilt að greiða fyrir þau stæði sem á vantar, samkvæmt tillögu Glámu/Kím ehf., dags. 2. mars 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 15. apríl 2016. Tillagan var auglýst frá 1. júlí 2016 til og með 12. ágúst 2016. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Þórhallur Tryggvason, dags. 10. ágúst 2016, Húsfélag Tryggvagötu 16, dags. 10. júlí 2016 og Páll Kristjánsson hdl., dags. 11. ágúst 2016 fh. Hafna fasteignafélags. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. ágúst 2016.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 19. ágúst 2016.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Halldór Halldórsson og Herdís Anna Þorvaldsdóttir og fulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina Guðfinna J. Guðmundsdóttir bóka:

“Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar- og flugvallarvina samþykkja að vísa málinu til borgarráðs en leggja áherslu á að í athugasemdum við breytingar á deiliskipulagi lýsa rekstararaðilar á svæðinu yfir áhyggjum af fækkun bílastæða. Tekið er undir þær áhyggjur.”

10. **Lautarvegur 38, 40, 42 og 44, breyting á** (01.794.6) Mál nr. SN160596

deiliskipulagi

430613-0810 Fimir ehf., Skrúðási 14, 210 Garðabær

Lögð fram umsókn Fimra ehf., mótt. 9. ágúst 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Neðan Sléttuvegar vegna lóðanna nr. 38, 40, 42 og 44 við Lautarveg. Í breytingunni felst breyting á húsgerð úr raðhúsi (4 íbúðir) í tvíbýlishús (8 íbúðir) og færslu á lóðarmörkum Lautarvegur 34, 40 og 42 um 0,5 m. til vesturs þannig að lóðin Lautarvegur 38 minnkar um 0,5 m., en lóðin Lautarvegur 44 stækkar um 0,5 m., lóðirnar Lautarvegur 40 og 42 eru jafn breiðar og áður, samkvæmt uppd. Rúnars Gunnarssonar, dags. 7. ágúst 2016.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

11. **Fossaleynir 1, Egilshöll, breyting á** (02.456.1) Mál nr. SN160535
deiliskipulagi
050957-3229 Jakob Emil Líndal, Huldubraut 34, 200 Kópavogur
521009-2170 Knatthöllin ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur

Lögð fram umsókn Alark, mótt. 30. júní 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi vegna lóðar nr. 1 við Fossaleynir, Egilshöll. Sótt er um breytingu á byggingareitum og byggingamagni á reitum D og H. Vegna fyrirhugaðs stærra handboltahúss er sótt um leyfi til að breyta lögun byggingareits H og auka byggingamagn um 3000 m². Sótt um leyfi til að færa byggingareit D fyrir bílgeymsluhús, til suðurs á lóð, skv. uppdráttum, dags. 17. júní 2016.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Björn Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

12. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa,** Mál nr. BN045423
Fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 888 frá 23. ágúst 2016.

(C) Fyrirspurnir

13. **Öskjuhlíð, Perlan, (fsp) breyting á** (01.762.5) Mál nr. SN160587
deiliskipulagi
561204-2760 Landmótun sf., Hamraborg 12, 200 Kópavogur
561115-1680 Perla norðursins ehf., Ármúla 7, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Landmótunar sf., mótt. 2. ágúst 2016 um breytingu á deiliskipulagi Öskjuhlíðar vegna lóðar Perlunnar nr. 1 við Varmahlíð skv. uppdraetti Landmótunar ehf., dags. 29. júlí 2016. Óskað er eftir að byggja nýtt mannvirki vestan Perlunnar í Öskjuhlíð. Mannvirkið er að mestu neðanjarðar og tengist núverandi byggingu. Aukning í byggingarmagni er 550 m², eða um 10% frá núv. fermetramagni á lóðinni. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. ágúst 2016.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 19. ágúst 2016 gerir umhverfis og skipulagsráð ekki athugasemdir við að umsækjandi láti vinna breytingu á deiliskipulagi í samræmi við fyrirspurnina.

Afgreiðsla þessi felur ekki í sér skuldbindingu af hálfu umhverfis og skipulagsráðs til að fallast á væntanlega tillögu að deiliskipulagi.

Björn Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

14. **Brautarholt 18 og 20, (fsp) endurgerð** (01.242.2) Mál nr. SN160576
þaks, hótél o.fl.
441109-0240 Stáss Design ehf., Nóatúni 17, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Stáss design ehf., mótt. 26. júlí 2016, um að breyta húsunum á lóðunum nr. 18 og 20 við Brautarholt í hótél, endurgera þak hússins á lóð nr. 18 við Brautarholt endurbyggja núverandi kvist, rífa skúra á baklóð og byggja byggingu í samræmi við þær heimildir sem þegar eru til staðar hjá byggingarfulltrúa, Hækka þak á lóð nr. 20 við Brautarholt, endurbyggja og breyta gluggasetningu, rífa bakbyggingu á lóð og endurbyggja í samræmi við þær heimildir sem þegar eru til staðar hjá byggingarfulltrúa. , samkvæmt tillögu Stáss Design ehf. ódags. Einnig er lögð fram ódags. tillaga að útliti húsanna, og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. ágúst 2016.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. ágúst 2016 samþykkt.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

15. **Lindargata 1-3, gamla** (01.151.1) Mál nr. SN160585
Hæstaréttarhúsið, undirbúningur
friðlýsingar
440113-0280 Minjastofnun Íslands, Suðurgötu 39, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf Minjastofnunar Íslands, dags. 27. júlí 2016, varðandi undirbúning friðlýsingar fyrrum dómhúss Hæstaréttar við Lindargötu 1-3. Einnig eru lögð fram drög að friðlýsingarskilmálum Minjastofnunar Íslands. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. ágúst 2016.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. ágúst 2016 samþykkt.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

16. **Sóleyjargata 2, Hljómskálinn,** (01.143.9) Mál nr. SN160586
undirbúningur friðlýsingar
440113-0280 Minjastofnun Íslands, Suðurgötu 39, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf Minjastofnunar Íslands, dags. 27. júlí 2016, varðandi undirbúning friðlýsingar Hljómskálans við Reykjavíkurtjörn, Sóleyjargötu 2. Einnig eru lögð fram drög að friðlýsingarskilmálum Minjastofnunar Íslands. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. ágúst 2016.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. ágúst 2016 samþykkt.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

17. **Betri Reykjavík, að kettir beri bjöllur** Mál nr. US160205
yfir varptímann, frá 1.maí - 1. ágúst
(USK2016080012)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "að kettir beri bjöllur yfir varptímann, frá 1.maí - 1. ágúst" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 12. ágúst 2016. Erindið

var þriðja efsta hugmynd júlímánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum umhverfismál.

Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.

18. **Betri Reykjavík, kortleggja trjágróður i borginni, verðmæti hans og nytjar** Mál nr. US160207
(USK2016080011)

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "kortleggja trjágróður i borginni, verðmæti hans og nytjar" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 12. ágúst 2016. Erindið var fjórða efsta hugmynd júlímánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum umhverfismál.

Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.

19. **Betri Reykjavík, leið 5 aki á 15 mín fresti á álagstímum** Mál nr. US160206
(USK2016080010)

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "leið 5 aki á 15 mín fresti á álagstímum" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 12. ágúst 2016. Erindið var önnur efsta hugmynd júlímánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum samgöngur.

Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur.

20. **Betri Reykjavík, láta strætó ganga 1 hring kl. 12 og annan kl. 1** Mál nr. US160208

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "láta strætó ganga 1 hring kl. 12 og annan kl. 1" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 12. ágúst 2016. Erindið var fimmta efsta hugmynd júlímánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum samgöngur.

Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur.

21. **Fjárhagsáætlun, tíma- og verkáætlun vegna fjárhagsáætlunar 2017-2021** Mál nr. US160035

Kynnt tíma- og verkáætlun vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2017 og fimm ára áætlunar til ársins 2021. Einnig kynnt verkáætlun umhverfis- og skipulagssviðs.

22. **Laugavegur 58, kæra 108/2016** (01.173.1) Mál nr. SN160618
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefnar umhverfis- og auðlindamála, dags. 16. ágúst 2016, ásamt kæru þar sem kærð er synjun umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur um leyfi til að breyta skráningu úr íbúð í atvinnurekstur.

Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra.

23. **Laugavegur 59, kæra 110/2016** (01.173.0) Mál nr. SN160617
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefnar umhverfis- og auðlindamála, dags. 16. ágúst 2016, ásamt kæru þar sem kærð er synjun á leyfi til að byggja inndregna 5. hæð, innréttu 11 íbúðir á 3,4, og 5. hæð, stækka glerskála veitingahúss í flokki II á 2. hæð og breyta innra skipulagi þar, gera nýjan flóttastiga innanhúss og færa til upprunalegs útlits glugga 1. hæðar húss á lóð nr. 59 við Laugaveg.

Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra.

24. **Efstaleiti - RÚV reitur**, *kæra 109/2016* (01.745.4) Mál nr. SN160616
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 15. ágúst 2016, ásamt kæru, mótt. 15. ágúst 2016, þar sem kært er deiliskipulag vegna RÚV reitar við Efstaleiti.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra.

25. **Ægisíða 123**, *kæra 49/2016, umsögn* (01.532) Mál nr. SN160420
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 20. maí 2016 ásamt kæru þar sem kærð er synjun byggingarfulltrúa á að veita Borðinu ehf. veitingaleyfi í flokki 2. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 18. ágúst 2016.

26. **Skipholt 50D**, *kæra 116/2014, úrskurður* (01.254.1) Mál nr. SN140622
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ásamt kæru, dags. 21. nóvember 2014 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa frá 7. október 2014 um að veita byggingarleyfi fyrir breytingu á fyrirkomulagi bílastæða á lóðamörkum milli lóða nr. 50c og d við Skipholt. Einnig lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 19. ágúst 2016. Úrskurðarorð: Felld er úr gildi hin kærða ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 7. október 2014 um að veita leyfi til að breyta fyrirkomulagi bílastæða við lóðamörk Skipholts 50C og 50D.

27. **Vesturgata 24**, *breyting á deiliskipulagi* (01.132.0) Mál nr. SN150413
Norðurstígsreits
051055-7219 Þorgeir Jónsson, Laugarnesvegur 96, 105 Reykjavík
140171-3289 Þórður Magnússon, Grundarland 15, 108 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 11. ágúst 2016, vegna staðfestingar borgarráðs s.d. á synjun umhverfis- og skipuagsráðs varðandi breytingu á deiliskipulagi Norðurstígsreits vegna lóðarinnar nr. 24 við Vesturgötu.

28. **Hólaberg 86**, *breyting á deiliskipulagi* Mál nr. SN160496
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 7. júlí 2016 varðandi samþykki borgarráðs s.d. um auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi, Breiðholts 3, Hólahverfi, vegna Hólabergs 86.

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð
Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 11.15

Hjálmar Sveinsson

Páll Hjaltason
Gísli Garðarsson
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Sverrir Bollason
Halldór Halldórsson
Guðfinna J. Guðmundsdóttir

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2016, þriðjudaginn 23. ágúst kl. 10.30 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 888. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Erna Hrönn Geirsdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Eva Geirsdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Harri Ormarsson, Nikulás Úlfar Músson, Björn Kristleifsson og Sigríður Maack
Fundarritari var Harri Ormarsson, Erna Hrönn Geirsdóttir tók við fundarstjórn á máli nr. 36.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. **Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr. BN051462
450314-0210 REYKJAVÍK DEVELOPMENT ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta stofnerindi BN048688 sem felst í því að stækka hús T4 og L1 á Reiti-1 og fækka stigahúsum, ásamt því að breyta bílakjallara á Reiti-11 (en byggingar ár Reiti-1 eru óbreyttar) á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Stækkun:
Reitur-2 : 117,0 ferm., 1.050,2 rúmm.
Reitur-11: 386,8 ferm., 1.541,1 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits á umsóknarblaði.
2. **Austurbrún 6** (01.381.102) 104774 Mál nr. BN051412
510497-2799 Félagsbústaðir hf., Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja sambýli fyrir fatlaða einstaklinga á lóð nr. 6 við Austurbrún.
Stærðir: A-rými 586,2 ferm., 2.218,9 rúmm. B-rými 132,6 ferm., 436,6 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits á umsóknarblaði.
3. **Ásvallagata 27** (01.162.205) 101263 Mál nr. BN051531
211086-2549 Brynjar Úlfarsson, Ásvallagata 27, 101 Reykjavík
020371-4399 Steinunn Thorarensen, Ásvallagata 27, 101 Reykjavík
240381-7299 Jómar Axel Úlfarsson, Ásvallagata 27, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja tvo kvisti samhliða endurnýjun á þaki, ásamt veggsvölum á bakhlið á 1. og 2. hæð og rishæð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 27 við Ásvallagötu.
Stækkun A-rými x ferm. x rúmm. B-rými x ferm. og x rúmm. C-rými.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
8. **Flugvöllur 106748** (01.66.-.99) 106748 Mál nr. BN051308
550210-0370 Isavia ohf., Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík
Sótt er um samþykki fyrir áður gerðum breytingum v/lokaúttektar, sjá erindi BN047738, í flugstjórnarmiðstöðvar nr. 66 við Nauthólsveg á lóðinni Flugvöllur 106748.

Gjald kr. 10.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

9. Fossaleynir 1

(02.456.101) 190899

Mál nr.

BN051414

521009-2170 Knatt höllin ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að innrétta hárgreiðslustofu á 1. hæð, milli mátlína 12 og 13, í Egilshöll á lóð nr. 1 við Fossaleyni.

Endurskoðun á heildarbrunahönnun dags. 06.07.2016 fylgir erindi.

Gjald kr. 10.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

10. Freyjugata 9

(01.184.209) 102031

Mál nr.

BN051401

250171-3829 Sigurbjörg J. Narby Helgadóttir, Freyjugata 9, 101 Reykjavík

140875-6279 Nils Kjartan Guðmundsson Narby, Freyjugata 9, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja svalaskýli á tvennar svalir á efstu hæð fjölbýlishússins á lóðinni nr. 9 við Freyjugötu.

Meðfylgjandi er samþykki meðeigenda, ódagsett.

Stækkun B-rými 10,6 ferm., 27,8 rúmm.

Gjald kr. 10.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við fokhaldi.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

11. Gissurargata 5

(05.113.703) 214851

Mál nr.

BN051423

141073-4439 Gunnar Sigurður Gunnarsson, Breiðagerði 8, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypt tveggja hæða einbýlishús með innbyggðri bílageymslu á lóð nr. 5 við Gissurargötu.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 12. ágúst 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. ágúst 2016 og varmatapsútreikningi dags. 17. ágúst 2016.

Stærðir húss eru XX ferm. og XX rúmm.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

12. Grettisgata 54B

(01.190.110) 102385

Mál nr.

BN050495

550305-0380 Reir ehf., Skólavörðustíg 18, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að flytja friðað einbýlishús frá 1904, sem nú stendur á lóð nr. 9 á Vegamótastíg, á steiptan sökkul, innréttu tvær íbúðir, breyta gluggum, byggja á það tvennar svalir og fjóra kvisti, á lóð nr. 54B við Grettisgötu.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. febrúar 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2016 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 10. ágúst 2016.

Stækkun: 87,3 ferm.

Stærð A-rými: 154,4 ferm., 443,9 rúmm.

B-rými: 2,9 ferm.

Samtals eftir stækkun: 157,3 ferm.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

13. Hjallavegur 23

(01.354.302) 104297

Mál nr.

BN051410

120856-3169 Ingiríður B Þórhallsdóttir, Hjallavegur 23, 104 Reykjavík

140257-4009 Kristberg Óskarsson, Hjallavegur 23, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að fjarlægja óleyfis skúr og byggja bílskúr ásamt því að byggja við núverandi íbúðarhús og gera nýjan kvist og nýjar svalir á lóð nr. 23 við Hjallaveg.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 19. ágúst 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2016.

Stærð á nýjum bílskúr: 40,0 ferm., 139,4 rúmm., stækkun íbúðarhúss: 38,7 ferm., 109,2 rúmm. Stækkun samtals: 78,7 ferm., 248,6 rúmm.

Gjald kr. 10.100

Synjað.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2016.

14. Hólmaslóð 2

(01.111.501) 100027

Mál nr.

BN051466

540102-4810 Flugur listafélag ehf, Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta bárujárnsklæðningu á 1 hæð á milli mátlína 5 til 12 og klæða verslunarframhlið með timburklæðningu, einangruð með 100 mm steinull og komið verður fyrir skilti ofan við inngang á húsinu á lóð nr. 2 við Hólmaslóð.

Samþykki meðeigenda ódagsett og umsögn brunahönnuðar dags. 26. júlí 2016 fylgir.

Gjald kr. 10.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

15. **Hverfisgata 80** (01.173.012) 101502 Mál nr.
BN051520
530906-0940 RR hótél ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík
Sótt er um stöðuleyfi fyrir opinn gám frá 11.08.2016 til 11.09.2016 á lóð nr. 80 við Hverfisgötu.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vantar samþykki lóðarhafa Hverfisgötu 80.
16. **Lambhagavegur 15** (02.647.602) 211681 Mál nr.
BN051530
620416-1420 H 38 ehf., Haukdælbraut 38, 113 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja 2ja hæða nýbyggingu auk kjallara úr forsteyptum einingum fyrir líkamsræktarstöð á lóð nr. 15 við Lambhagaveg.
Stærðir: A-rými x ferm., x rúmm. B-rými x ferm., x rúmm. C-rými x ferm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
17. **Laugarnesvegur 74A** (01.346.016) 104069 Mál nr.
BN051553
190977-4989 Björn Arnar Hauksson, Singapur, 190776-4689 Hörður Jóhannesson, Brúnavegur 5, 104 Reykjavík
701205-2860 Steinabrekka ehf., Vatnsstíg 19, 101 Reykjavík
Sótt er um samþykki fyrir áður gerðum breytingum, gluggum á suðurhlið hefur verið breytt og lítils háttar breyting á fyrirkomulagi innréttinga, sjá erindi BN050708 í veitingastað í flokki II á lóð nr. 74A við Laugarnesveg,
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
18. **Laugarnesvegur 96-102** (01.343.002) 103986 Mál nr.
BN051515
031080-3209 Róbert Gíslason, Kópavogsbraut 88, 200 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að víxla svefnherbergi og eldhúsi í íbúð 0402 í húsi nr. 102 á lóð nr. 96-102 við Laugarnesveg.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
19. **Laugavegur 120** (01.240.203) 102986 Mál nr.
BN051539
